

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um fólksbifreiðar, sem notaðar eru til leiguaksturs og takmarkanir á fjölda þeirra, nr. 308/1989 með síðari breytingum.

1. gr.

3. mgr. 16. gr. orðist svo:

Óski leyfishafi eftir lengri undanþágu fjallar umsjónarnefnd um mál hans og getur hún veitt allt að tólf mánaða undanþágu til viðbótar. Umsjónarnefnd er þó heimilt að veita frekari undanþágur þar að auki vegna alvarlegra og langvarandi veikinda leyfishafa samkvæmt læknisvottorði trúnaðarlæknis nefndarinnar, sbr. þó 19. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar nr. 77/1989, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 3. ágúst 1993.

Halldór Blöndal.

Helgi Jóhannesson.

11. ágúst 1993

Nr. 328

REGLUGERÐ

um almennt útboð verðbréfa.

1. gr.

Almennt útboð telst útboð samkynja verðbréfa sem boðin eru almenningi til kaups með almennri og opinberri auglýsingu eða kynningu með öðrum hætti sem jafna má til opinberrar auglýsingar. Með samkynja verðbréfum er átt við fleiri en eitt bréf í flokki bréfa, þar með talinna hlutabréfa, þar sem öll helstu einkenni flokksins eru hin sömu, þar á meðal nafn útgefanda (skuldara), fyrsti vaxtadagur og endurgreiðslu-, vaxta- og uppsagnarákvæði, eftir því sem við getur átt.

2. gr.

Reglugerð þessi gildir ekki um:

1. Útboð þar sem eitt eða fleiri eftirtalinna tilvika eiga við:
 - a. Hlutabréf eða samvinnuhlutabréf eru boðin forkaupsréttarhöfum í félagi þar sem félagsmenn eru 200 eða færri og hömlur eru lagðar á viðskipti með bréfin,
 - b. Verðbréf eru boðin takmörkuðum hópi aðila, án auglýsingar eða kynningar sbr. 2. gr., enda sé hópurinn ekki stærri en 25 aðilar,
 - c. Áætlað heildarsöluverð verðbréfaanna nemur ekki meiru en 5 000 000 kr.,
 - d. Hver fjárfestir þarf að reiða af hendi að minnsta kosti 5 000 000 kr. til kaupa á verðbréfunum.
2. Verðbréf af eftirfarandi gerðum:
 - a. Verðbréf sem gefin eru út að áætluðu markaðsverði að minnsta kosti 5 000 000 kr. hvert,
 - b. Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða með starfsleyfi innan Evrópska efnahagssvæðisins,